

Morð í myrkri frumsýnd á morgun:

Persónurnar gjörbreytast í kvikmyndinni

– segir danski rithöfundurinn Dan Turéll

Danski rithöfundurinn, ljóðskáldið, blaðamaðurinn og skemmtikrafturinn, svo ekki sé fleira talið, Dan Turéll, kom til landsins ásamt eiginkonu sinni, Chili, og dóttur í vikunni. Tilefni heimsóknarinnar er sýning á kvikmyndinni *Morð í myrkri* sem byggð er á samnefndri sakamálasögu hans. Regnboginn mun hefja sýningar á henni á morgun, laugardag. Ennfremur mun Turéll sýna á sér fleiri hlíðar meðan á Íslandsvöl hans stendur. Hann mun ásamt eiginkonunni, sem er leikkona, verða með kábarettsýningar í dag kl. 13 í Háskólabíói og á sunnudagskvöld kl. 20.30 í Norræna húsinu. Þá verður Dan Turéll með fyrirlestur á veggum Háskóla Íslands í Odda kl. 17 í dag þar sem hann fjallar um ensk-amerísku glæpasagnahefðina og að síðustu mun hann segja frá sjálfum sér og lesa úr bókum sínum í Norræna húsinu á sunnudag kl. 17.

Sjálfsgagt vekur kvikmyndin *Morð í myrki* einna mesta athygli af því sem fyrir augu ber á þessum Turéll dögum, eins og mætti kalla þá. Samnefnd skáldsaga hans kom út í íslenskri þýðingu Jóns Gunnarssonar árið 1985 og ætti því að vera þeim sem hana hafa lesið enn í fersku minni. Kvikmyndin hefur verið sýnd á annars staðar á Norðurlönd við fádæma undirtektir gagnrýnenda sem og áhorfenda.

„Kynæsandi karlmaður í aðalhlutverkinu“

DV hitti Dan Turéll að máli á blaðamannafundi sem haldinn var í vikunni í tilefni heimsóknar hans þar sem hann var fyrst spurður að því hversu mikinn þátt hann ætti í gerð myndarinnar? Hann svaraði



Chili og Dan Turéll slá á léttu strengi í Norræna húsinu á sunnudagskvöldið.

því til að hann hefði ekki komið nálægt henni nema skrifa söguna og ætti því engan þátt í kvikmyndinni sem slíki. „Bókin og kvikmyndin eru tveir ólíkir miðlar sem ekki er hægt að bera saman. Á sama hátt getur bókin verið léleg en kvikmyndin góð, eða bókin góð en kvikmyndin slæm.“

– Varstu ánægður með útkomu myndarinnar og leikaravalið?

„Eins og ég segi er ekki hægt að bera þessa tvo miðla saman því þær persónur, sem ég hef skapað og haft í huga um lengri tíma, gjörbreytast í höndum kvikmyndamannanna. Að öðru leyti finnst mér hún falleg og hrífandi.“ Varðandi aðalhlutverk í *Morð í myrki*, sem er í höndum danska rokk-söngvarans Michael Falch, kvað

hann það mikinn kost fyrir myndina að fá hann í þetta hlutverk þar sem hann væri mjög sjarmerandi og kynæsandi karlmaður og hlyti að verka þannig á kvenfólkið. Að þessum orðum sögðum leit hann á konu sína, Chili, og spurði hana hvað henni fyndist um Michael í aðalhlutverkinu? „Það er of persónulegt til þess að ég geti svarað því,“ svaraði hún um hæl.

Tvær kvikmyndir í deiglunni

Á næstunni stendur fyrir dyrum að kvikmynda tvær sakamálasagna hans til viðbótar og vinna við aðra þeirra vel á veg komin. Það verður því að teljast stór hlutinn sem Dan Turéll eignast í danska kvikmyndaheiminum á næstu árum ef fram heldur sem

horfir. Í hlutfalli við Íslendinga eru Danir ekki afkastameiri í þeim efnunum. Þeir framleiða 12 til 15 stórm myndir árlega meðan Íslendingar framleiða að meðaltali 3 til 5 myndir ef undan er skilið síðasta ár. En þetta er bara brot af skáldskap Turélls, hann hefur skrifað yfir 70 bækur; ljóð, smásögur og sakamálasögur, auk fastra dálka í dagblaðið *Politiken*, skrifað söngva og samið útvarps- og sjónvarpsþætti. Hann verður því að teljast með afkastameiri rithöfundum þar sem hann er ekki nema 42 ára að aldri enda er hann orðinn eins konar goðsögn í lífanda lífi. Er það ekki síst síðan frá bítlárunum þar sem hann var einn af leiðandi rithöfundum þeirrar kynslóðar og umdeildur mjög. -GK-